



Ungmennaráð Hrunamannahrepps

1. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 –

2026 haldinn miðvikudaginn 1. nóvember 2023 kl. 20:00 í Félagsmiðstöðinni Zero á Flúðum.

Mættir til fundar, Anna Katrín Víðisdóttir skipuð af LÆ nefnd til 1 árs, Ingunn Lilja Arnórsdóttir skipuð af LÆ nefnd til 2 ára, Guðrún Lilja Árnadóttir skipuð af LÆ nefnd til 2 ára, Sara Nadía Gunnarsdóttir skipuð af Flúðaskóla til 1 árs og Íris Birna Árnadóttir skipuð af Zero til 1 árs.

Auk þeirra sat fundinn Þórarinn Guðni Helgason, starfsmaður Ungmennaráðs og forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero, sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. Kynning á starfi ungmennaráðs og skipað í embætti.

- a. Þórarinn fór yfir samþykkt ungmennaráðs, verkefni ungmennaráðs og hlutverk þess. Samkvæmt samþykkt skipta fulltrúar með sér verkum á fyrsta fundi. Samþykkt að formaður ungmennaráðs Hrunamannahrepps verði Anna Katrín Víðisdóttir og varaformaður Guðrún Lilja Árnadóttir.

2. Umræða um forvarnarmál

- a. Ungmennaráð fagnar bókun í fundargerð Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar frá 30. október 2023 um að samþætta forvarnarstarf. Mikilvægt er að greina þörf á forvörnum á hverjum tíma fyrir sig.
- b. Farið yfir forvarnarstefnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og gnúpverjahrepps. Ungmennaráð telur þörf á að yfirfara forvarnarstefnu Hrunamannahrepps með slíka samþættingu í huga. Öflugt skipulagt og markvisst forvarnarstarf er mikilvægt. Slíkt forvarnarstarf yrði að vera sammvinnuverkefni þeirra sem koma að málefnum barna og unglinga.
- c. Ungmennaráð nefnir mikilvægi þess að fá skipulagt forvarnarstarf þar sem fagaðilar koma að fræðslunni reglulega yfir starfsárið, fyrirlestrar í bland við verkefnavinnu.

3. Ungmennahús og öflugt frístundarstarf
 - a. Kallað hefur verið eftir frístundaúrræði fyrir miðstig, einnig hafa ungmenni sem útskrifuð eru úr Flúðaskóla óskað eftir að geta sótt ungmennahús þar sem þau geta haldið tengslum við sína jafnaldra. Ungmennahús eru víða ætluð ungmennum á aldrinum 16 – 25 ára og hafa gefist vel.
 - b. Ungmennaráð tekur vel í bókun Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar frá 30. október 2023 um ungmennahús og öflugt frístundarstarf. Frístundaúrræði fyrir yngstastig og miðstig, félagsmiðstöð fyrir unglíngastig og ungmennahús fyrir ungmenni mætti útfæra sem Frístundarmiðstöð. Þá má samnýta aðstöðu og starfsfólk. Slík starfsemi myndi styðja vel við öflugt forvarnarstarf.
4. Ungmennaráðsfundir á Teams eða öðru vefsvæði
 - a. Erfitt getur verið að ná öllum fundarmönnum á fund vegna fjarlægðar þeirra sem sækja menntaskóla í önnur sveitarfélög. Lagt til að ungmennaráðsfundir verði haldnir á Teams eða öðru vefsvæði sé erfitt að koma á fundi. Ungmennaráð tekur vel í tillöguna.
5. Forstöðumaður Zero kynnir Nordic youth month og Leiðtogafund ungs fólks í Hörpu dagana 24.-25. nóvember 2023.
 - a. Dagana 24.-25. nóvember næstkomandi fer fram Norræn ungmennaráðstefna í Hörpu. Ráðstefnan er hluti af verkefninu Nordic youth month, sem er formennskuverkefni Íslands í Norrænu ráðherranefndinni í ár og fer Samfés með verkefnastjórn í því verkefni. Leiðtogafundur ungs fólks er öflugur samráðs- og samtalsvettvangur barna og ungmenna um málefni er varðar þau sjálf. Meginmarkmið leiðtogafundar er að gefa börnum og ungmennum tækifæri til þess að hittast, ræða saman og mynda aðgerðir í þeirra málefnum sem afhentar verða Norrænu ráðherranefndinni ásamt ráðamönnum í hverju landi fyrir sig í lok fundarins. Þátttaka barna og ungmenna á leiðtogafundinum er ókeypis. Innifalið í þátttöku er gjafapoki með gögnum fyrir fundinn, hádegismatur og síðdegishressing báða dagana ásamt skemmtidagskrá á föstudeginum til kl 19:00 eftir að við slítum deginum.
 - b. Ungmennaráð tekur vel í erindið og vill taka þátt í að koma hagsmunum og málefnum barna og ungmenna til ráðamanna. Ungmennaráð leggur til þátttöku í ráðstefnunni fyrir hönd ungmenna Hrunamannahrepps.
6. Boðað til næsta fundar 14. nóvember kl. 19:00 í Félagsmiðstöðinni Zero.

Fundi slitið kl. 21:49